SAMORKA

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku–framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Reykjavík, 30. apríl 2018

Alþingi
Nefndasvið – Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
10 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu, 388. mál, þingskjal 538 (heiti stofnunar, einföldun á stjórnsýslu o.fl.)

Ofan greint mál hefur ekki borist Samorku til umsagnar en kom til umræðu á samráðs fundi okkar með Sambandi íslenskra sveitarfélag og Samtökum atvinnulífsins. Af því tilefni vöktum við athygli á málinu gagnvart aðildarfyrirtækjum Samorku enda atriði í frumvarpinu sem geta haft veruleg áhrif á réttarstöðu almennings og samskipti hans við orku- og veitufyrirtækin. Með þetta í huga er neðangreindum athugasemdum beint til Alþingis.

Hvað samráð eða öllu heldur skort á því varðar þá viljum við taka undir ábendingar Sambands Íslenskra sveitarfélag þar að lútandi.

Athugasemd okkar lýtur að 4. gr. frumvarpsins sem ætlað er að breyta 4. gr. núgildandi laga um Viðlagatryggingu Íslands en samkvæmt því er ætlunin að bæta nýrri málsgrein við greinina svohljóðandi.

> „Hamfarir skv. 1. mgr. sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis eru ekki bótaskyldar náttúruhamfarir í skilningi laga þessara. „

Ljós er af greinargerð með frumvarpinu að umrædd tillaga að breytingu á sér ákveðið tilefni sem þar er nánar fjallað um. Þar er hins vegar ekki fjallað um margskonar önnur tilvik sem gætu eins fallið undir umrædda nálgun. Má þar nefna að gæti skíðamaður á ferð um fjallshlíð mögulega upphafið ábyrgð Viðlagatryggingar Íslands (Náttúruhamfaratryggingar Íslands) á snjóflóði sem félli á byggð með ófyrirséðum afleiðingum?

Ljóst má vera að mjög óskynsamlegt er af hálfu löggjafans að stíga þetta skerf þegar horft er til almanna hagsmuna og réttarverndar almennings. Er enda ljóst að ætli Viðlagatrygging Íslands að fara bera þetta ákvæði fyrir sig og hafna bótaskyldu á atvikum sem almennt falla skilyrðislaust

undir vátryggingarverndina eru viðkomandi *tjónþolar skyldir eftir í algjörri óvissu um stöðu sína og réttarvernd.* Fyrir liggur að öll sönnunarfærsla í málum sem þessum verður mjög erfið og flókin auk þess sem hún er mjög kostnaðarsöm. Þá liggur fyrir að tjónþolar myndu í engu njóta þeirrar þjónustu sem tjónþolar náttúruhamfara annars fá hjá Viðlagatryggingu í dag varðandi mat á tjóni o.s.frv.

Með framanritað í huga og með tilvísun í umsagnir aðildarfyrirtækja okkar og sambands sveitarfélaga leggjum við því til umræddu ákvæði verði ekki bætt inn í 4. gr. laganna um Viðlagatryggingu Íslands (Náttúruhamfaratryggingu Íslands).

Er mun eðilegra að byggt verði á almennum réttarreglum skaðabótaréttarins hér að lútandi. Telji Viðlagatrygging Íslands þannig að atburður sem sannarlega er náttúruhamfarir samkvæmt skilgreiningu laganna hafi verið komið af stað af mannavöldum af ásetningi eða stórkostlegu gálseysi þá byggi hún endurkröfu á slíkri forsendu.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllst,

Páll Erland,
framkvæmdastjóri